



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorfréttabréf 2018

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Sólbráð

Sólbráðin sest upp á jakann,
sest inn í fangið á hjarni.
Kinn sína leggur við klakann,
kát eins og augu í barni.

Seytlan úr sporunum sprettir,
spriklar sem glaðasta skrytla.
Gutlandi, litlir og léttir
lækirnir niðr eftir trítla.

Ólöf Sigurðardóttir
frá Hlöðum



Frá útgáfu- og samskiptanefnd

Kæru Delta Kappa Gamma systur

Vorið heilsar enn á ný með öllum sínum margbreytileika – yndislegur fuglasöngur, birtan og gróðurinn vekur fögnuð okkar hér á landi elds og ísa. Samskipta- og útgáfunefnd sendir ykkur hér á rafrænu formi fréttir og fróðleik frá stjórn og deildum DKG starfsárið 2017-2018. Landsforseti DKG, Jóna Benediktsdóttir, sendir okkur hugleiðingu og hvatningarorð. Deildirnar vítt og breitt um landið hafa verið virkar á síðasta starfsári og senda í fréttabréfið pistla um lífandi og fræðandi starf. Fréttir eru frá vorþingi sem Jóna Benediktsdóttir forseti tók saman og þankar frá Ingibjörgu Þorleifsdóttur Epsilondeild sem var gestur á þinginu. Við vorum svo heppnar að fá í þetta fréttabréf Orð til umhugsunar sem Þorgerður Ásdís Jóhannesdóttir í Nýdeild flutti á vorþinginu, þar lagði hún út af orðinu *systir* og gerði það mjög eftirminnilega. Að lokum eru minningarorð um tvær Delta Kappa Gamma systur, Áslaugu Brynjólfsdóttur og Þuríði Kristjánsdóttur sem létust á árinu.

Höfum ávallt í huga markmið samtakanna – sérstaklega nefnum við hér hlutverk okkar að efla persónulegan og faglegan þroska hvernar félagskonu með hvatningu og hrósi, það kostar lítið. Horfa mætti til nýrra Íslendinga með því að bjóða fleiri konum af erlendum uppruna þátttöku í deildum.

Ágætu systur, við í samskipta- og útgáfunefnd hvetjum ykkur til að senda okkur pistla um áhugaverða hluti og ábendingar um efni og/eða um viðmælendur. Við þökkum öllum sem lagt hafa til efni í þetta fréttabréf og sendum ykkur kæru lesendur bestu sumarkveðjur.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG

Elinborg Sigurðardóttir Guðrún Þóranna Jónsdóttir og Málfríður Kolbrún Guðnadóttir.



Pistill frá landssambandsforseta Jónu Benediktsdóttur

Kæru Delta Kappa Gamma systur

Vorið er komið með öllum sínum margbreytileika í veðri hér á Íslandi. Þegar þessi orð eru skrifuð eru snjóhraglandi og krapaskaflar á götunum á Ísafirði en í fyrradag voru börnin úti á stuttermabolunum að leika sér með vatnsbyssur. Svona er lífið, maður veit ekki hvað bíður manns og þarf að vera tilbúinn að mæta fjölbreyttum aðstæðum.



Þar sem ég er nýkomin heim af frábæru vorþingi okkar á Egilsstöðum mun þessi pistill litast talsvert af því og hugrenningum sem vöknðu hjá mér í kjölfarið. Mig langar að byrja á að færa Zeta-deildinni bestu þakki fyrir skipulagninguna. Ég var algörlega uppnumin yfir gróskunni sem konur á Austurlandi eru að skapa í störfum sínum. Þær sýna svo ekki verður um villst að menning og sköpun er mikilvægur afluvi í hverju samfélagi. Öll erindin voru athyglisverð og ég hef verið sérstaklega hugsu yfir erindi Signýjar Ormarsdóttur sem fjallaði um hvernig lítið fræ getur orðið að einhverju stórkostlegu ef hlúð er að því, en það krefst úthalds, útsjónarsemi og samstöðu. Slíkt getur enginn gert einn og því er svo mikilvægt að hafa gott stuðningsnet sem hægt er leita til. Við sem erum saman í Delta Kappa Gamma höfum einmitt ákveðið að vera slíkt stuðningsnet hver fyrir aðra í verkefnum okkar sem snúa að menntamálum.



Einnig langar mig að minnast aðeins á punkta úr erindi Aðalheiðar Borgþórsdóttur um LungA-skólann. Fyrir þær sem ekki vita þá er LungA-skólinn rekinn eftir fyrirmynd norræna lýðháskólakerfisins. Próf eru bönnuð og með verkefnum er leitast við að byggja upp frumkvæðisgetu, skapandi hugsun og fjölbreytta færni. Þessi skóli vinnur með allt það sem hinar almennu mælingar á skólakerfum mæla ekki og það vakti ýmsar spurningar í huga mér. Er menntakerfið á Íslandi, já og ef því er að skipta í hinum vestræna heimi, á þeirri leið sem framtíðin þarf á að halda? Í orði segjumst við leggja megináherslu á þroska einstaklinganna en opinber próf beinast síðan aðeins að þáttum sem auðvelt er að mæla með einföldum prófum og það á sannarlega ekki við um þroska einstaklinga, getu til frumkvæðis og sköpunar.



Við sem vinnum í skólum landsins vitum að þar er lögð áhersla á að byggja upp gott fólk sem getur tekið ábyrgð á eigin lífi en mat á einstökum skólum tekur ekki mið af hvernig þeir leggja sitt af mörkum til þessa, enda er flókið að meta það og ekki hægt með einföldum stöðluðum prófum.

Auðvitað þurfa öll börn að búa yfir ákveðinni grunnfærni í læsi og talnameðferð en stundum ströggla nemendur svo mikið við að byggja upp þá þekkingu að gleðin við annað sem hægt er að fást við í skólanum lýtur í lægra haldi. Ég hef ekki einfalda lausn á þessu máli en held að kannski skorti okkur í skólakerfinu stundum hugrekki til að vinna að því sem við teljum mikilvægast af því að árangur þess er ekki mælanlegur með neinum einföldum viðmiðum.

En aftur að vorþinginu, öll erindin voru flutt af konum, konum sem vinna að sköpun á fjölbreyttum sviðum, í listum og í tæknigeiranum. Það var líka áhugavert. Margt í tækninni sem við eigum kost á að nota er heppilegt til að byggja brýr fyrir konur til að leita á framandi slóðir hvað atvinnu varðar. Til dæmis forritunarvinna og tengsl forritunar og sköpunar eins og sagt var frá í erindi Lilju Guðnýjar Jóhannesdóttur sem kynnti vinnu í FabLab smiðju. Það vakti líka hugleiðingar hjá mér um hversu mikilvægt það er að byggja upp hugrekki hjá nemendum og kannski fer nú hugtakið „hugrekki“ að taka við af hugtakinu „þátttaka“ í pistlum formanns. Það krefst hugrekkis að fara slóðir sem enginn hefur farið áður og hafa ekki fyrirséðan endi og eins og ég sé samfélagið framundan er það einmitt það sem býður þeirra sem eru nemendur í skólum landsins í dag.

Enn og aftur að vorþingi og þá er komið að samverunni yfir kvöldverðinum. Hún var í einu orði sagt frábær. Sigríður Herdís í Zeta-deild stýrði dagskránni af skörugleika og margar konur lögðu sitt af mörkum til að gera kvöldið að sannkallaðri gleðistund. Gamma-systur voru með samlestur, sögð voru gamanmál af ýmsu tagi og Þorgerður Ásdís úr Ný-deild flutti okkur „orð til umhugsunar“ sem hún hafði áður verið með á fundi Ný-deildar. Hún lagði út af kvæðinu *Sestu hérna hjá mér systir mín góð* og setti hugtakið systir í margskonar samhengi. Það er auðvelt að segja frá því að

hugleiðingar Þorgerðar Ásdísar og flutningur voru áhrifarík og hreyfðu við mörgum og vöktu, í það minnsta mig, til umhugsunar um hversu mikilvægt það er að rækta venskap kvenna í DKG og gefa honum tíma til að þróast.

Þessi samverustund með konum allsstaðar af að landinu og erlendu gestunum okkar var gefandi og skemmtileg og um leið og ég þakka þeim sem voru á þinginu fyrir samveruna vil ég hvetja þær konur sem ekki hafa farið á vor- og landsambandsþing til að nota næsta tækifæri til þess að taka þátt í DKG samverum því næringin sem felst í samverunni gefur manni kraft og vilja til frekari þátttöku.

Kveðja að vestan

Jóna



Guðrún Ásgeirsdóttir í Zeta-deild kveikir á kertunum





Orð til umhugsunar

Ágætu systur mínar í DKG hér á vorþingi á Egilsstöðum.

Ég er hér með þremur samstarfskonum úr Fjölbrautaskóla Norðulands vestra á Sauðárkróki og við erum systur í nýlega stofnaðri NU/Nýdeild DKG. Þær stóllur eru reynslunni ríkari eftir að hafa setið landsfund á Akureyri síðastliðið vor og því var ekki hjá því komist að vera með atriði hér í kvöld og gera deildina okkar sýnilega. Boltanum vörpuðu þær yfir til mín og hér stend ég og get ekki annað. Ég vil þakka systrum mínum í Nýdeild fyrir að trúa mér fyrir Orði til umhugsunar á 4. fundi okkar í vetur og samstarfssystrum mínum sem með mér eru hér fyrir að hvetja mig til að flyta þau orð fyrir ykkur hér í kvöld. Ég horfi á rauðu rósina, tákn hugrekks DKG kvenna, og flyt ykkur pistil minn frá í vetur að mestu leyti óbreyttan.

Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Ágætu systur mínar Nýdeild DKG

Frá því ég gekk í þennan félagsskap Delta Kappa Gamma fyrir ári síðan þar sem við, konur í fræðslustörfum, tengjumst hver annari ósýnilegum böndum sem felast í orðinu *systir* þá hef ég hugleitt þetta orð og velt hugtakinu svólítið fyrir mér. Þegar ég var svo beðin um að flytja **Orð til umhugsunar** á fundi í deildinni okkar í vetur skaut þessari hugleiðingu aftur upp í hugann. Hvaða þýðingu hefur orðið *systir* í mínum huga, mig langar að deila þeim hugrenningum mínum með ykkur hér.

Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Blóðbandasystur

Ég er sjálf svo heppin að eiga þrjár systur sem allar eru á lífi. Við erum ólíkar í útliti og hver hefur sinn persónuleika, hæfileika og drauma, lífsgildi og líf. Lengi vel vorum við samferða og sameinaðar í

átthögum okkar og foreldrum en síðar skildu leiðir þannig að aðeins blóðbönd án landamæra binda okkur saman. Foreldrar okkar eru farnir yfir móðuna miklu. Eftir stöndum við fjórar systur, fjögurra blaða smári, sem höfum það eitt að markmiði þegar við hittumst að gleðjast, fagna lífinu og syngja saman. Við höfum fundið það út að það sem sameinar okkur í samverunni er það sem sameinaði okkur á æskuárum en það er söngurinn og tónlistin, að syngja saman, dansa og gleðjast. Við eigum okkar eigin lagalista sem við tileinkum fortíð, nútíð og framtíð. Í söngnum sameinast gleði og sorgir og kraftur söngsins undirstrikar fögnuðinn yfir þeirri gæfu að fá að koma saman og fagna lífinu. Þegar ég horfi tilbaka á okkur og líf okkar sem systur þá sé ég ólíka einstaklinga sem leika sér saman, rífast sín á milli og slást, hlæja og gráta saman. Ég sé litlar stelpur sem verða að ungum konum, fullorðnast og halda hver í sína áttina. Systur – tengdar órjúfanlegum blóðböndum ættar en líka systur sem deila örlögum og lífssögu, systur sem tengjast ósýnilegum böndum í mætti orðsins systir.

Í systur minni spegla ég mig.





Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Vináttusystur

Þegar vel er að gáð þá á ég mér fleiri systur. Ég á mér systur sem tengjast mér vináttuböndum en ekki blóðböndum. Vinkonur sem ég treysti jafnvel og systurum mínum og get deilt lífssögu minni með og örlögum á sama máta. Vináttubönd eru um margt ólík blóðböndum en hlutverkið er hið sama og vináttubönd hafa fullan styrk blóðbanda, að styðja og styrkja, að deila gleði og sorgum, að rétta hjálpanði hönd og ljá eyru til hlustunar þegar þörf er á, að gleðja og hvetja.

Í systur minni, vinkonunni, spegla ég mig.

Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Skólasystur

Þessar systur mínar, skólasysturnar, hafa fylgt mér í gegnum skólagöngu mína á ýmsum æviskeiðum og eru skólasystur mínar frá ólíkum skólastigum, allt frá barnaskóla til háskóla. Sumar eru áhrifamiklir samferðamenn gegnum lífið, aðrar eru jafnframt ævilangar vinkonur. Sameiningartákn okkar er hvorki blóð eða vinátta, heldur skóli. Skólasystur endurspeglar, samhygð, traust og sameiginleg gildi.

Ég spegla mig í skólasystur minni.



Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Kynsystur

Svo eru það allt aðrar systur, systur sem tengjast hvorki blóð- eða vináttuböndum eða skólagöngu. Þetta eru kynsystur í nútíð, fortíð og framtíð sem hafa gefið mér tækifæri til að spegla mig í kynhlutverkinu í sögulegu samhengi. Tengingin við þær eru hinn ósýnilegi og eilífi silfurþráður á milli þessa heims og annars, hins áþreifanlega og óáþreifanlega. Kynsystur mínar sem hafa lagt sitt af mörkum til að skapa líf í fortíð, nútíð og framtíð fyrir mig til að fræðast af. Reynsla þeirra er tækifæri mitt. Við kynnumst þessum systurum okkar þegar við lesum bókmenntir, sögubækur og njótum lista eða einfaldlega þegar við lesum í tímann sem við speglum okkar í hverju sinni. Við getum spurt um gildi okkar, á hverju þau byggjast og hvernig við komum þeim til skila í lífi og starfi og inn í framtíðina.

Ég spegla mig í kynsystur fortíðar og nútíðar og ég endurkasta spegilmynd minni inn í framtíðina.

Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Starfssystur

Margar systur eru okkur samferða á lífsleiðinni í leik og starfi, þær koma og fara en hin ósýnilegu bönd sem tengja okkur saman eru áhrifin sem við verðum fyrir af kynnum okkar við þær. Þetta geta verið kennarar sem hafa vakið eitthvað í sál okkar sem hefur haft áhrif á lífsgildi okkar í lífi og starfi, samferðakonur í starfi sem hafa haft sömu áhrif og einnig samferðakonur í félagsstörfum. Allt konur sem hafa gert okkur betri í starfi og því sem við tökum okkur fyrir hendur í daglegu lífi, hafa snert streng sem hefur breytt okkur og komið okkur áfram til þroska eins og systurnar sem við ólumst upp með.

Ég spegla mig í starfssystur minni sem hefur auðgað líf mitt og eflt mig á vegferð minni um lífið.



Sestu hérna hjá mér systir mín góð

Nýdeildarsystur

Þá kem ég að okkur systurum í Nýdeild. Við, konur í fræðslustörfum á Norðurlandi vestra, höfum ákveðið að koma saman til að auðga líf okkar og að efla okkur á þessum tímamarki í lífi okkar, hver og ein hefur sínar forsendur. Svæði okkar er víðfeðmt en við erum hugrakkar og tilbúnar til að leggja það á okkur að fara um langa leið til að hittast í þeim tilgangi að spinna þann þráð sem verður uppistaðan í þessu systrasambandi okkar sem byggir á vináttu, hjálpssemi og trúmennsku. Við erum rétt að byrja að kynnst en ég minni á speki Víkinganna í Hávamálum sem sögðu að leiðin heim til góðs vinar væri aldrei of löng og að sú vinátta sem til er komin í skyndi og stofnað er til með látum lifir sjaldnast lengur en í fimm daga. Þetta er fjórði formlegi fundur okkar og við förum fetið í því hvernig við viljum sjá þetta systrasamband okkar þróast. Því er mikilvægt að rödd allra heyrist, að við treystum hver annarri til að móta systrasamfélag sem bæði auðgar okkur sjálfar, samfélagið sem við lifum í og umheiminn. Til þess að einlægt vináttusamband okkar megi takast vel þurfum við allar að hjálpast að við að byggja upp traust okkar á milli. Við erum systur, við erum ólíkar, við þurfum ekki að vera sammála um allt því gagnrýnin hugsun er undirstaða starfa okkar en það er von mín að þetta systrasamfélag sefi fróðleiksfýsn mína og að í ykkur systur mínum hér finni ég hvatningu, styrk, og gleði.

Ég mun spegla mig í Nýdeildarsysturum mínum í framtíðinni.

„Sestu hérna hjá mér, systir mín góð“, stafið mitt eru upphafsliður í ljóði Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi *Mamma ætlar að sofna*.

En mig langar að ávarpa ykkur systur mínar með eftirfarandi orðum



Til systra í Nýdeild

Sestu hérna hjá mér systir mín góð
 Segðu mér sögur og segðu mér ljóð
 Segðu mér drauma þína, löngun og þrá
 Segðu mér fyrir hvað hjarta þitt brennur
 Ég skal hlusta og vera þér góð
 Ég skal þig styrkja og styðja
 Ég skal þér hjálpa og vera þér trú
 Ég skal þér vinur og systir vera

Um leið og ég, hér og nú, þakka ykkur DKG systurum á landsvísu áheyrnina, á ég mér þá ósk að ég spegli mig í ykkur öllum eftir þetta fyrsta vorþing. En mig langar til að enda þennan systrapistil minn eins og áður með því að vitna í 19. aldar tímamótaverk, upphafsorð og opnun smásögunnar *Grasaferð* eftir Jónas Hallgrímsson og ég spyr:

„Systir góð, sérðu það sem ég sé?“

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir



Fréttir af vorþingi

Vorþingið 2018 var haldið á Egilsstöðum 5. maí í Egilsstaðaskóla. Zetadeild sá um undirbúning þingsins ásamt menntamálanefnd og stjórn landssambandsins.

Á þinginu var rætt um sköpun frá ýmsum hliðum. Fyrirlesarar áttu það sameiginlegt að vera forkólfar á sviði sköpunar, hafa sýnt frumkvæði og hafa sköpunarkraft í störfum sínum víða á Austurlandi.

Dagskráin hófst með morgunhressinginu og skráningu og voru þátttakendur rétt rúmlega 50 talsins. Helga Steinsson, formaður Zeta-deildar var fundarstjóri og kynnti dagskrárlíði. Í samræmi við hefðir og siði samtakanna var kveikt var á kertum vináttu, hjálpssemi og trúmennsku og var það Guðrún Ásgeirsdóttir varaformaður Zeta-deildar sem gerði það.

Jóna Benediktsdóttir forseti DKG á Íslandi flutti inngangsávarp og bauð konur velkomnar.

Jóna hóf mál sitt á að minnst þeirra Áslaugar Brynjólfssdóttur og Þuríðar Kristjánsdóttur sem nýlega hafa fallið frá og skilaði kveðjum frá félagskonum sem ekki gátu verið með að þessu sinni. Hún fjallaði svo um orkuna sem skapast þegar konur með sameiginleg áhugamál koma saman, og heildin virðist verða stærri en hlutarnir sem lagðir eru til hennar. Það sem við bætist liggur í orkunni sem felst í samræðum fólks sem brennur af áhuga fyrir sameiginlegum viðfangsefnum.

Jóna las svo ljóðið Uppsprettu eftir Sigmund Erni og tengdi hugtakið uppsprettu við hugsjónir Delta Kappa Gamma og að lokum ræddi hún um valdeflingarmáttinn sem liggur í þátttöku til dæmis í félagsstarfi.



Fáninn reistur

Fyrsta erindi dagsins var svo erindi Signýjar Ormarsdóttur sem er yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú. Erindi Signýjar bar heitið *Orkan í menningu og listum á Austurlandi*.

Hún minnti á orð Björns Bjarnasonar fyrrum menntamálaráðherra um að fólk velji sér búsetu út frá menningu en ekki atvinnulífi. Austurland er sannarlega framarlega í menningarmálum á landsvísu, og landsfjórðungurinn var fyrstur til að gera menningarsamning og það er sá jarðvegur sem menningarlíf Austurlands stendur á. Kraftur og gróska í menningarmálum sem fólkið sjálft skapar er það sem skiptir mestu máli og hefur mesta aðráttaraflið. Signý benti á að stór hluti ferðamanna sem koma til Austurlands eru að koma til að upplifa menningu tengda hátíðum og á þeim margfaldast íbúafjöldinn hverju sinni og eru það sérstaklega hátíðirnar Bræðsla, Eistnaflug og LungA eru dæmi um hátíðir sem hafa dafnað sérstaklega vel.



Hún hefur lagt áherslu á að fá unga fólkið sem hefur verið að mennta sig heim aftur og þá helst með vini sína með sér, þeir kynna staðina með hjartanu. Signý leggur einnig áherslu á í störfum sínum að menning og listir eru alvöru atvinnugreinar sem skapa ótal tækifæri allt í kringum sig.



Frá hátíðarkvöldverði

Þá kom erindi frá Aðalheiði Borgþórsdóttur um LungA skólann á Seyðisfirði og forsögu hans. Aðalheiður er fjármálastjóri LungA og ein af stofnendum LungA hátíðarinnar. LungA stendur fyrir listir og ungt fólk á Austurlandi en nafnið vísar einnig til þess hversu mikilvæg menning og listir eru í lífi okkar rétt eins og líffærið lunga. LungA skólinn sem byggir á lýðháskólaforminu spratt upp úr hátíðinni. Markmið hans er efla fólk til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Þetta er ekki eingöngu fræðsla, heldur líka skemmtun. Lýðháskólaformið hefur ekki verið viðurkennt á Íslandi en menntamálaráðherra hefur nú lofað að setja í gang vinnu til að styrkja lagalega umgjörð lýðháskóla á Íslandi. Í lýðháskólum gefast ungu fólki tækifæri til að þróa skapandi hugsun ásamt frumkvæðisgetu og færni. Slíkir eiginleikar eru

mikilvægir einstaklingum en líka grunnur nútíma efnahagslífs. LungA skólinn getur tekið 16 nemendur. Kennarar eru allir starfandi listamenn. Hver önn spannar 12 vikur, engin próf eru í skólanum og engin inngönguskilyrði, ekkert aldurstakmark og almennt engir rammar.

Þá var komið að erindi Carolyn Pittman. Carolyn fór yfir sögu DKG og ræddi lagabreytingatillögur sem lagðar verða fyrir á alþjóðþinginu í Austin í sumar.

Flestar tillagnanna ganga út á að einfalda regluverk samtakanna og áhersla er lögð á að breyta orðalagi úr „þú skalt“ í „þú mátt“ þannig að deildir geti haft meira frelsi til að þróa starf sitt. Carolyn minnti okkur einnig á DKG appið og heimasíðu samtakanna þar sem finna má upplýsingar um nánast allt sem viðkemur starfseminni.

Björg Nakling Evrópuforseti ávarpaði einnig þingið og tilkynnti að í Austin í sumar yrði haldið afmæli Evrópusvæðisins sem var formlega stofnað 1998.

Þá var komið að erindi frá Ólöfu Björk Bragadóttur myndlistarmanni og kennara við listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum.

Ólöf kynnti meistaraverkefni sitt úr Listaháskólanum 2016 þar sem hún skoðaði hvernig listsköpun geti nýst þegar kemur að því að leysa vandamál til dæmis innan sjálfbærrar þróunar. Hún leggur áherslu á að tengja nemendur við eigin menningarheim og umhverfi sitt og benda á möguleikana til að hafa áhrif á eigin samfélag. Hún tók sem dæmi verkefnið Plastfljótið. Þar er unnið að listsköpun úr efnivið sem tengist daglegri neyslu okkar og er í rauninni umhverfisvá. Í verkefninu var unnið plastrusl á fjölbreyttan hátt, þrjónað, saumað og búnir til skúlptúrar. Einnig var minnt á hvernig hægt er að minnka vistsporið og breyta með því hegðunarmynstri til batnaðar fyrir komandi kynslóðir.



Þá var komið að erindi sem bar heitið Tækni og listir í Verkmenntaskóla Austurlands. Í því voru kynntar Fab Lab smiðja og Listaakademía. Það voru þær Lilja Guðný Jóhannesdóttir og Svanlaug Aðalsteinsdóttir sem sáu um þessar kynningar.

Lilja kynnti Fab Lab smiðjuna í Verkmenntaskólanum. Fab Lab stendur fyrir Fabrication laboratory, sem er stafræn smiðja. Í slíkri smiðju er hægt er að búa til næstum hvað sem er. Tækjabúnaður er til að vinna með flest efni, nema málma enn sem komið er og er ættað frá MIT í Boston. Á Íslandi er ein smiðja í hverjum landsfjórðungi og starfa þær saman í neti. Fab Lab er opið almenningi og það er skilyrði þess að um Fab Lab sé að ræða. Unnið er með frían hugbúnað og markmiðið er að deila þekkingu svo fólk geti lært hvert af öðru. Tækin í FAB LAB smiðju eru Laserskeri, vínylskerri, þrívíddarprentari, fínfræsari, stór fræsari. Notendur Fab lab á Austurlandi eru úr öllum áttum, nemendur, kennarar og almenningur. Vangaveltur eru um að stofna nýja braut í VA nýsköpunar- og tæknibraut, sem byggir á FabLab smiðju. Hægt væri að fá kennsluna frá Boston í fjarkennslu. Áherslan er á lausnamiðun, nýsköpun, gagnrýna hugsun, samvinnu, samskipti, tæknilæsi og frumkvöðlahátt.

Svanlaug kynnti Listaakademíuna í VA. Áhersla hjá henni er á félagsþroska nemenda í gegnum leiklist. Djúpið er nemendaleikfélag VA og fyrsta verk þess fór á svið 2006 og síðan hafa verið sett upp 12 verk. Haustið 2012 var síðan Listaakademían sett upp, með því fá nemendur einingar fyrir starfið. Listaakademían fær til sín gestakennara til að kenna það sem vinna á með hverju sinni. Hver kennari kennir í 3-4 vikur og er sú þekking er notuð inn í leikverkin sem gerð eru í framhaldinu. Haldin eru leiklistarnámskeið á hverju hausti.. Leikfélagið lífgar upp á félagslíf nemenda í skólanum. Starfið í



Slegið á léttu strengi

leikfélaginu er ekki bundið við neina braut í skólanum, heldur koma nemendur í það af öllum brautum, m.a. starfsbraut. Nemendur kynnast því innbyrðis á annan hátt, en ella væri mögulegt.

Bæði fyrir hádegismat og í þinglok voru umræður í skipulögðum hópum um erindin sem flutt hföðu verið, það var einstaklega skemmtilegt og gaf góð tækifæri til kynningar.





Vorþing DKG

- þankar -

Fljótsdalshérað heilsaði með sól og blíðu laugardaginn 5. maí þegar um 50 DKG systur mættu á Vorþing í Egilsstaðaskóla.

Ég var svo heppin að vera ein af þeim sem dreif mig austur.

Það var afar gaman að hitta systur alls staðar af landinu og ég dáðist að konunum sem komu akandi vestan af fjörðum.

Þegar við höfðum heilsast og stungið saman nefjum setti Jóna Benediksdóttir forseti DKG þingið, Guðrún úr Zetadeild kveikti á kertunum og síðan tók Helga M. Steinsson við fundarstjórn.

Fallegar skreytingar leikskólabarna prýddu fundarsalinn.

Erindi austfirsku kvennanna voru svo sannarlega áhugaverð og eftir að hafa hlustað á Signýju Ormarsdóttur og Aðalheiði Borgþórsdóttur var okkur skipt í hópa þar sem við sögðum hvaða hugsanir hefðu vaknað hjá okkur og hvaða lærdóma við gætum dregið af því sem þær kynntu fyrir okkur. Það var ótrúlega gaman að heyra hvert var upphaf Lunga-skólans á Seyðisfirði var og gaman var að heyra um orkuna í menningu og listum á Austurlandi.

Milli erinda Signýjar og Aðalheiðar lék stúlknatrío á fiðlur – undurvel – ásamt kennara sínum.

Matselja skólans bauð upp á dýrindis máltíð í hádeginu.

Eftir hádegi var Carolyn Pittman alþjóðaforseti með innlegg og hún dáðist að okkur íslensku konunum fyrir dugnaðinn við að fjölga konum í deildunum okkar og fyrir að hafa stofnað nýja deild. Evrópuforsetinn Björg Nakling hvatti okkur áfram til dáða.



Eftir að Carolyn og Björg höfðu hlaðið okkur lofi þannig að við urðum hálfheimnar þá héldu austfirsku systurnar áfram að fræða okkur. Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarkennari við ME og þær Lilja Guðný Jóhannesdóttir og Svanlaug Aðalsteinsdóttir frá VMA sögðu frá afar merkilegu starfi sínu um myndmenntakennslu, fab lab og fleira skemmtilegt. Það var mikil hlýja og virðing í orðum þeirra um nemendurna og alla vinnuna sem fram fer í skólunum þeirra.

Að lokum var okkur aftur skipt í hópa og við ræddum á sama hátt og fyrr um daginn um erindin sem við höfðum hlýtt á. Síðan var boði upp á kaffi og meðlæti áður en þingi var slitið.

Ég var alveg uppveðruð eftir að hafa hlýtt á erindin og fannst verst að vera komin af léttasta skeiði – annars hefði ég umsvifalaust innritað mig í nám í öllum skólunum eystra. Það vakti einnig athygli mína að hversu varlega hefur verið unnið – ekki ætt af stað með lúðrablæstri og söng – og peningaeyðslu – heldur gætt að öllu og og ekki eytt um efni fram.

Það var margt sem fyrir augu bar í Egilsstaðaskóla – og mér þótti „smart“ að sjá textann að skólasöngnum uppi á vegg í matsalnum.



Ekki skemmdi að Rut skólastjóri brá sér upp á svið og söng skólasönginn fyrir okkur.

Við drifum okkur svo á setningu Listar án landamæra

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/frettir/list-an-landsmaera-2018-aron-kale> og fylgdumst með gjörningi ungs fólks á Héraði.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnvörður og Helga Guðmundsdóttir fræðslustjóri og Zetasystir buðu til móttöku í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Þar var margt fróðlegt og skemmtilegt að sjá. Víst er að ég á eftir að koma aftur þarna næst þegar ég kem austur á land.

Hátíðarkvöldverður var á Gistihúsinu á Egilsstöðum og við snæddum ljúffengan hátíðarmat.

Kvöldið leið á ógnarhraða, við skemmtum hver annarri með söng, þar sem Zetasystur fluttu brag um deildina sína, systur úr öðrum deildum sögðu skemmtisögur úr skólastarfi og af orðheppnum börnum. Við skemmtum okkur mikið við að finna ýmis orð sem enda á -ull og síðast en ekki síst flutti ein af Ný-systrum dásamlega hugleiðingu um orðið systir.

Öll umgjörð þingsins var afar góð og eiga þær Zetasystur mikinn heiður skilinn fyrir mjög gott skipulag og móttökur.




Gamla Egilsstaðabýlið

Mér fannst sérstakt að gista á Egilsstöðum – gamla bóndabýlinu – sem ég hafði svo oft horft á úr fjarska á þegar ég var að fara eða koma úr flugi á leið minni til Fáskrúðsfjarðar þar sem ég ólst upp og foreldrar mínir bjuggu í 40 ár. Þetta myndarbýli þar sem Pétur og Elín bjuggu – vinafolk foreldra minn – mikið sómafólk. Og ekki spillti að herbergið mitt sneri út að Lagarfljótinu – en engan sá ég orminn.

Ég þakka móttökur og samveru kæru systur. Hittumst heilar að ári.

Ingibjörg Þorleifsdóttir
Epsilon-deild





Fréttir frá deildum

Alfa



Fyrsti fundur ársins var inntökufundur haldinn á heimili formanns þann 1. febrúar. Að loknum föstum liðum hófst inntökuathöfn, sem var mjög hátíðleg. Fjórar nýjar konur voru teknar í deildina; Fjóra María Lárusdóttir, Málfríður Þórarinsdóttir, Sigrún Erla Hákonardóttir og Svandís Ingimundardóttir. Í lok fundarins var tekinn góður tími í kynningu bæði nýrra og eldri félagskvenna.

Félagskonur minntust Áslaugar Brynjólfsdóttur.

Formaður lagði fram tillögu að uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs í vor og var tillagan samþykkt. Undir liðnum önnur mál var fjallað um þekkingarhnappinn og vefsíðu DKG og hvernig félagskonur geta nýtt sér síðuna.

Annar fundur ársins var haldinn hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði þann 7. mars.

Að loknum föstum liðum kynntu Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK og Auður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri mannauðsmála starfseminna.

Heildarsamtök vinnumarkaðarins og ríkisvaldið stofnuðu VIRK til að draga markvisst úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda eða slysa. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum.

VIRK hefur náð miklum árangri í endurhæfingarpjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu til að auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Í lok fundarins leiddi Auður hópinn um vinnustaðinn og skýrði um leið frá ýmsum þáttum starfsins.

Síðan minnti formaður félagskonur á vorþingið á Egilsstöðum og sagði að það væri stefnt að því að 3-4 félagar mættu úr hverri deild. Eins greindi hún frá tillögu uppstillinganefndar.

Síðasti fundur vetrarins verður haldinn 3. maí næstkomandi, en það er aðalfundur deildarinnar.

Á dagskrá eru fastir liðir og hefðbundin aðalfundarstörf.

Þuríður J. Kristjánsdóttir einn af stofnfélögum Alfadeildarinnar lést 18. apríl s.l. Þetta er önnur félagskona Alfadeildar, sem borin verður til grafar á árinu, en útför Áslaugar Brynjólfsdóttur var gerð um miðjan janúar. Það er mikil missir að þessum merku konum.



**Alfadeildin, fyrsta deild DKG
samtakanna á Íslandi,
var stofnuð 7. nóvember 1975
í Reykjavík**



Beta



Þegar þessi pistill er skrifaður fagna landsmenn fyrsta degi sumars. Og honum ber svo sannarlega að fagna. Íslendingar búa við langan og dimman vetur og eftir að hafa þreytt þorrann og góuna er sannarlega tilefni til að fagna fyrsta sumardegnum. Hér á Akureyri tók sumarið á móti okkur með blíðskaparveðri, sól og hátt í 15 stiga hita. En þó að veturinn geti verið harður og dimmur er líka margt jákvætt við hann, meðal annars blómlegt starf í deildum DKG á Íslandi. Ég veit að ég tala fyrir hönd margra DKG kvenna þegar ég segi að þátttaka og starf í þeim góða félagsskap gefur mikið.

Í starfi Betadeildar nú í vetur hefur verið lögð áhersla á að kynnast þeim innri auði sem býr meðal félagskvenna. Betakonur hafa sannarlega sýnt að þær búa yfir miklum mannaúði, sem ásamt félagsauði er talinn til mikilla verðmæta. Þetta vita Betakonur og það er óhætt að segja að virkni og þátttaka á fundum sé til fyrirmyndar, fundir eru fjölbreyttir og gefandi og mæting á þá er sérlega góð.

Starfið á nýju ári hófst með bóka fundi í heimahúsi þar sem félagskonur kynntu stuttlega bók sem þær

höfðu lesið. Að loknum kynningum voru bækurnar Ásta eftir Jón Kalman og Kviksyndi eftir Malin Persson Giolito valdar til þess að ræða á óformlegum fundi sem haldinn var í mars. Að loknum bóka fundi er útbúinn bókalisti sem birtur er á vef Betadeildar.

Febrúarfundur deildarinnar fór fram í Menntaskólanum á Akureyri. María Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar og las ljóð. Hún kynnti einnig bókina **Hugarfrelsi; aðferðir til þess að efla börn og unglinga**, en henni fylgja spjöld með hvatningarorðum og umhugsunarefni. Við drögum hvert okkar spjald sem við lásam fyrir hópinn. Að loknum erindum frá stjórn, kaffi og happadrætti héldu konur upp á gamla sal MA þar sem Kristín Elva Viðarsdóttir Betakona og skólasálfræðingur MA, bauð upp á slökun og nærandi hvatningarorð. Samverunni lauk með samsöng undir stjórn Maríu Gunnarsdóttur þar sem sungin voru löggin *Kvöldá tekur* og *Vem kan segla förutan vind*.

Aprílfundurinn verður haldinn í Brekkuskóla á Akureyri, 24. apríl og hefur ekki farið fram þegar þessi orð eru skrifuð. Þar mun Helena Sigurðardóttir, Betakona og kennsluráðgjafi hjá HA, fjalla um *Tæknileg tækifæri og hvernig hægt er að nýta tækni með nemendum sem glíma við náms-/lestrarörðugleika*. Það verður án efa mjög góður og lærdómsríkur fyrirlestur.

Það er tilhlökkunarefni að halda til Egilsstaða á vofund DKG nú í byrjun maí og hitta ykkur sem flestar. Í maí verður einnig aðalfundur Betadeildar og stjórnarskipti.

Fyrir hönd Betasystra óska ég ykkur öllum gleðilegs sumars.

Aníta Jónsdóttir, formaður Betadeildar.

**Betadeild var stofnuð
þann 2. júní 1977.
Í henni eru konur frá
Akureyri og nágrenni**



Gamma



Í lok síðasta fréttabréfs kom fram að Gammadeildin myndi veita styrk til góðs málefnis og var það einmitt gert á jólafundinum. Fyrir valinu varð félagið **Móðurmál** og fékk það 100 þúsund króna styrk. Formaður félagsins Renata Emilsson Peskova veitti styrknum viðtöku á fundinum en Renata er einmitt félagi í Gammadeild frá síðasta hausti.

Vorönnin í Gammadeild hófst 9. janúar með fundi sem við köllum "jólabókaflóðið" en félagskonur höfðu einmitt á jólafundinum dregið um tvær nýutkomnar bækur og urðu þær til umfjöllunar á fundinum.

Áður en hefbundin dagskrá hófst minntist formaður Áslaugar Brynjólfsdóttur, félagskonu í Alfadeild og fv. forseta landssambandsins en hún var nýlátin.

Bækurnar sem síðan urðu til umfjöllunar voru "Elín, ýmislegt" eftir Kristínu Eiríksdóttur og "Undirferli" eftir Oddnýju Ævarsdóttur. Skipt var í hópa og að loknum líflegum umræðum kom allur hópurinn saman og gerði grein fyrir umræðum. Þetta form á bóka fundi höfum við prófað tvö ár í röð og ný stjórn mun taka ákvörðun um framhaldið. Stjórnin lagði til að á næstu tveimur fundum gætu félagskonur boðið

með sér tveimur gestum úr öðrum deildum og var það samþykkt. Að venju var rætt um fréttir frá landssambandinu og af erlendum vettvangi.

Það er hefð fyrir því í Gammadeild að ljúka fundi með söng en að þessu sinni var flutt ljóðið Halla eftir Stein Steinarr í talkór.

Eins og kom fram í haustbréfinu okkar þá var yfirskrift ársins:

Kennarinn-menntun-menning-fagvitund

Við höldum því áfram með þemað og febrúarfundurinn bar yfirskriftina "Hvað er svona merkilegt við það" og var Svandís Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga fyrirlesari kvöldsins. Gerður var góður rómur að erindinu og þarna komu í ljós tillögur sem yrðu lagðar til grundvallar með ráðherra á næstu dögum um hvað væri vænlegt að gera svo að ekki yrði kennaraskortur á næstu árum.

Þetta var fyrri gestafundurinn okkar og bæði félagar í Gammadeild og gestir kynntu sig og í kaffihléi urðu líflegar umræður bæði um efni fundarins og svo vakti mikla gleði að hitta konur úr öðrum deildum.

Seinni gestafundurinn okkar var svo í mars og þá flutti Anna Kristín Sigurðardóttir, félagi í Kappadeild og dósent í HÍ erindi um lærdómssamfélagið. Erindið var einkar áhugavert og félagskonur voru mjög virkar í umræðunni. Enn fjölgaði gestum úr öðrum deildum og var haft á orði að þetta líktist ættarmóti og getum við í Gammadeildinni mælt með þessum gestaboðum.

Aprílfundurinn var svo í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og þar tók Auður Hrólfsdóttir, deildarstjóri sérnámsbrautar og félagi í Lambdadeild á móti okkur.



Í upphafi fengum við tvo unga gesti, verðlaunahafa úr Stóru upplestrarkeppninni í Mosfellsbæ en þar var keppnin einmitt 20 ára þetta vorið. Þeir fluttu ljóð að eigin vali og var unun að hlusta á þau.


Auður fór síðan vandlega yfir skipulag sérnámsbrautarinnar, gekk með okkur um þennan glæsilega skóla og að venju voru veitingar glæsilegar.

Formaður hafði lagt til í Fésbók landssambandsins að allar deildir hefðu það markmið að fjórar konur að lágmarki kæmu á vorþingið og að jafnaði fleiri á landssambandsþingin. Gammadeildin gerði betur og við verðum alla vega tvisvar sinnum fjórar sem mæta á þingið á Egilsstöðum.

Þá er einungis eftir að geta um aðalfund deildarinnar sem haldinn verður austur í Bláskógabyggð þ. 30. maí í sumarbústað Herthu W. Jónsdóttur. Við förum saman í rútu, borðum góðan mat, höldum aðalfundinn og skemmtum okkur og syngjum saman sumarlögin.

Almennt má segja að vetrarstarfið hafi gengið afar vel og mæting góð. Þá erum við stoltar af því að hafa getað veitt myndarlegan styrk til góðs málefnis sem tengist markmiðum samtakanna. Við höfðum líka að leiðarljósi að fá fyrirlesara alla úr samtökunum og það tókst. Þá voru gestafundirnir einstaklega skemmtilegir og gefandi og vel til eftirbreytni.

Með félagskveðju og ósk um gleðilegt sumar.
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður
Gammadeildar



**Gammadeild var stofnuð
þann 5. júní 1977.
Í henni eru konur frá
Reykjavík og nágrenni**



Delta



Vetrarstarfið hófst á undirbúningsfundi fyrir 30 ára afmælishátíð Deltadeildar. Á fundinum voru einkunnarorð starfsársins 2017-18 „Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra“ samþykkt sem og tilnefningar á konum sem boðin hefur verið innganga í deildina.

30 ára afmælisfundur var haldinn 18. nóvember í Stúkuhúsinu að Görðum Akranesi. Auk hefðbundinna dagskrárliða var skálað fyrir afmælisbarninu og afmælissöngurinn sunginn. Fjölbreytt dagskrá beið fundarkvenna en hápunktur hennar var samantekt sögunefndar á 30 ára starfsemi Deltadeildar. Sögunefndin lagði einnig fram samantekt á þróun fjölda félaga, lista yfir sameiginlega fundi með öðrum deildum DKG, frásagnir félagskvenna af eftirminnilegum atburðum o.fl. en allt myndar þetta ómetanlega heimild um starfsemina. Á fundinum voru stofnfélagarnir Hildur Þorsteinsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir heiðraðar fyrir störf sín í þágu deildarinnar og öðrum stofnfélögum veitt viðurkenning fyrir þeirra störf. Eftir hefðbundna dagskrá var hátíðarkvöldverður og skrattast saman í gleði og kærleika. Félagskonur héldu glaðar heim að loknum velheppnuðum afmælisfundi, stoltar af afmælisbarninu sem hefur þroskast vel og dafnað á sínum 30 árum og gefið þeim margar kærleiksríkar minningar.

Í janúar tók deildin á móti konum í Zontaklúbbi Borgarfjarðar - Uglu. Þema fundarins var tileinkað

konum „á besta aldri“. Rætt var um bókina, *Ekkí vera sár*, eftir Kristínu Steinsdóttur og var niðurstaðan sú að hér væri um að ræða trúverðuga og mannlega frásögn konu á besta aldri sem stæði á krossgötum í lífi sínu og þyrfti að endurskoða lífshlaup sitt. Sjúkraþjálfari fjallaði um gildi hreyfingar fyrir andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Með hækkandi aldri þarf fólk að huga að því að viðhalda líkamlegum styrk, jafnvægi og liðleika og efla þol en það gerist með reglubundinni hreyfingu. Eftir fyrirlesturinn var farið í styrktaræfingar sem sniðnar voru að þörfum kvenna á besta aldri og auðvelt að gera heima.

Um miðjan mars heimsóttu félagskonur Veröld - Hús Vigdísar. Ólöf Ingólfssdóttir leiddi þær um þessa mögnuðu veröld og fræddi þær um heima hennar og geima. Að heimsókn lokinni var haldið að veitingahúsinu Lækjarbrekku þar sem formlegur fundur var haldinn og kvöldverður snæddur. Dagskráin var að hluta til tileinkuð Vigdísí Finnbogadóttur.

Stöðugt er unnið að því að fjölga í deildinni og hefur fimm konur verið boðið að kynna sér starfsemina. Áhuginn er fyrir hendi en engin þeirra hefur enn haft aðstæður til að þiggja boðið. Félagskonur halda þó ótrauðar áfram og horfa björtum augum fram á við.

Fyrir hönd stjórnar Delta
Guðlaug Sverrisdóttir formaður



**Deltadeild var stofnuð
þann 5. júní 1987.
Í henni eru konur á
Vesturlandi
og suður til Reykjavíkur**



Kappa

Satt á Hótel Natura og þar deildi Sólborg Alda með okkur mjög persónulegum hugleiðingum um áfangana í sínu lífi.

Jólafundur var haldinn 28. nóv. á heimili Hildar Elínar Vignis. Valgerður Magnúsdóttir sagði frá grúski sínu í sögu formæðra sinna en hún ætlar að gefa hverju barnabarni eitt eintak af sögu þeirra. Dagur Hjartarson, skáld og rithöfundur, heiðraði fundinn með nærveru sinni og las upp úr nýútkominni ljóðabók sinni, *Heilaskurðaðgerðin*. Að sjálfsögðu snæddu Kappasystur hefðbundinn jólamat auk þess að njóta gefandi samveru í nærveru jólanna.

Hefðbundinn bókafundur var haldinn í húsnæði Starfsmenntar, Skipholti 17. janúar. Auk hefðbundinna fundarstarfa var kynning á þremur bókum. Gunnhildur Óskarsdóttir sagði frá og las upp úr bókinni *Vertu ósýnilegur* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Anna K. Sigurðardóttir kynnti bókina *Sleptu mér aldrei* eftir Nóbelsverðlaunahafann Kazuo Ishiguro. Erla Guðjónsdóttir hafði orðið fyrir áhrifum frá jólahugleiðingu Valgerðar Magnúsdóttur og var farin að grúska í sögu formæðra sinna. Hún hafði því hrifist af bók Ástu K. Ragnarsdóttur, *Það sem dvelur í þögninni*. Allar vöktu bækurnar Kappasystur til umhugsunar um ýmis svið tilverunnar og urðu líflegar umræður í kjölfar hverrar kynningar. Hver bók snerti viðkvæman streng í lífi hverrar konu og hafa örugglega margar leitast við að lesa þær bækur sem kynntar voru að loknum fundinum.



Kappadeildin hefur haldi sjö fundi í vetur. Tvær síðustu stjórnir tóku upp þann sið að deila verkum þannig á milli félaganna að stjórnin sér um undirbúning fyrsta og síðasta fundar starfsársins en félagar skiptast í hópa til að undirbúa aðra fundi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel, fundirnir verið fjölbreyttir og skemmtilegir auk þess sem betri tengsl myndast á milli félaga við að undirbúa fundi og fleiri eru virkir. Þema starfsársins hefur verið *Konur í fararbroddi* sem hefur gefið ýmsa skemmtilega möguleika á útfærslu.

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 28. sept. sl. og hófst í fyrirtækinu Tröppu sem hefur sérhæft sig í að nýta upplýsinga- og samskiptatæknina til að bjóða upp á þjónustu sem oft er erfitt að bjóða í minni sveitarfélögum, s.s. þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga. Kappasystur funduðu síðan á Geysi Bistro í Aðalstræti þar sem Sigríður H. Jónsdóttir, Kappasystir, stofnandi SHJ-ráðgjafar og formaður fræðslunefndar Garðabæjar veitti Kappasystur innblástur með orðum til umhugsunar um hugrekki.

Næsta fund héldu Kappasystur 30. okt. 2017 í *Veröld – húsi Vigdísar*, fengu kynningu á starfsemi hússins ásamt leiðsögn. Kappasystur snæddu síðan saman dýrindis kvöldverð á veitingastaðnum



Fimmti fundur starfsársins hófst í húsakynnum landssamtakanna *Heimili og skóli*. Guðbergur K. Jónsson sagði frá því helsta í starfi samtakanna en einkum þó *SAFT-netöryggisverkefninu* sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga. Lykill að góðum árangri verkefnisins er samstarf við ungmennaráð sem er til ráðgjafar við starf verkefnisins. Hefðbundnum fundarstörfum var haldið áfram á

veitingastaðnum Pottinum og pönnunni en þar er minni salur sem hægt er að loka af fyrir minni hópa. Kappadeildin hélt sinn 6. fund 16. apríl sl. á heimili Herdísar Ö. Friðfinnsdóttur í Mosfellsbæ. Aðalfyrirlesari á þeim fundi varð Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, markþjálfari, sem sagði frá starfi sínu í skólasamfélaginu, m.a. í Álftanesskóla og grunnskólanum NÚ.

Stefnt er að því að halda vorfund deildarinnar 17. maí nk. á Suðurlandi. Hefð er fyrir því að á vorfundinum njóti Kappasystur útiveru og gangi sér til heilsubótar og/eða skoði landið okkar góða. Samningar standa yfir við veitingastaðinn *Hendur í höfn* um að hýsa fundinn. Á fundinum verður væntanlega skipt um stjórn eins og lög samtakanna gera ráð fyrir.



**Kappadeild var stofnuð
28. mars 2007.
Í henni eru konur af
höfuðborgarsvæðinu,
flestar úr Hafnarfirði, Kópavogi og
Garðabæ.**



Epsilon

Flestar Epsilonsystur búa í Árnassýsu en ein býr austan Þjórsár í Rangárvallasýslu. Við reynum eftir bestu getu að funda sem víðast í Árnassýslu svo sömu konurnar þurfi ekki alltaf að aka langar leiðir.

Fyrsti fundur ársins 2018 var haldinn í janúar að Laugalandi í Holtum. Það var hinn langþráði bókafundur þar sem við sögðum frá skemmtilegum og athyglisverðum bókum sem við höfum lesið síðustu mánuði. Óskráða reglan okkar er að bækurnar þurfa ekki að vera nýjar, þó það sé ekki verra að það séu jólabækurnar, aðeins að okkur þyki þær eftirminnilegar. Fundurinn tókst mjög vel og meðan við létum móðan mása snæddum við dýrindis súpu sem var upprunnin í Þykkvabænum. Heim okkur við endurnærðar.



Epsilondeild var stofnuð 1989 og starfar hún á Suðurlandi.

Enginn fundur var í febrúar en í mars mættum við systur í FSU þar sem við hlýddum á erindi Ágústu Ragnarsdóttur myndlistarkennara. Hún sagði okkur og sýndi frá vinnu sinni með nemendur á starfsbraut og var hrein unun að hlýða á hana. Okkur fýsti að vita hvort hún væri ekki með námskeið fyrir konur eins og okkur og hún taldi lítil tormerki á því. Ágústa er nefnilega svo ráðagóð og röggöm – ekki bara ótrúlega mikill listamaður. Það er aldrei að vita nema við drífum í að fá leiðsögn hjá henni síðar þar sem við vekjum listræna hæfileika okkar til lífsins.

Að fundi og fræðslu lokinni nutum við góðra veitinga á Menam og þar var margt skrafað.

Nokkrar okkar úr Epsilondeid fóru á fund hjá Gammasysturum í Hafnarfirði í mars. Það voru ekki samantekin ráð heldur erum við nokkrar svo heppnar að þekkja konur í þeirri deild. Fundurinn sem okkur var boðið á var fróðlegur og gaman að kynnast hvaða hátt Hafnfirðingar hafa á sínum fundum.

Í apríl lögðum við land undir fót – eða hjól undir bíl - og skelltum okkur suður í Reykjanesbæ þar sem Þetasystur tóku okkur með kostum og kynjum. Þær sýndu okkur Duushús, Tónlistarskólann og frumkvöðlasetrið Eldey sem er uppi á Ásbrú. Ég held að flestar okkar hafi fengið nýja sýn á menningu og mannlíf suður með sjó í þessari heimsókn.

Við borðuðum með systurum okkar og þær okkar sem voru snemma á ferðinni eða lengdu ferðina í hinn endann fóru í búðaráp. Ef undirrituð hefði fengið að ráða hefðum við líka skroppið suður í Garð en við gerum það bara seinna.

Aðalfundurinn okkar verður haldinn í Skálholti í maílok.

Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir,
formaður í Epsilondeild.





Eftir áramót höfum við haldið þrjá fundi í Mýdeild, þar sem dagskrá fundanna hefur tekið mið af viðfangsefnum vetrarins.

- Erum við að sjúkdómavæða samfélagið?
- Stofnanauppeldi.
- Hverju er kvíðinn að kenna? (kvíði barna og unglunga)
- Hugafar vaxtar.
- Útivist – hreyfing.

Í janúar var haldinn bókafundur þar sem við áttum gott kvöld saman í skólastjórabústaðnum á Þelamörk. Lagðar voru fyrir konur þrautir sem snéru að bókum, t.d. að finna út frá vísbendingum á heiti á nýútkomnum bókum. Konur sögðu líka frá bókum sem þær höfðu lesið. Í orðum til umhugsunar var fjallað um vaxtaverki stafrænnar tæknibyltingar og fjallar eins og titillinn ber með sér um tölvur og tækni nútímans.

Á fundi í febrúar var til umfjöllunar „Hvort samfélag okkar væri orðið sjúkdómavætt og hvað væri til ráða?“ Ingileif Ástvaldsdóttir sagði frá ferð sinni á 3rd El World women's Conference sem haldin var í Marrakesh 5.-7. febrúar 2018 og sýndi myndir úr ferðinni. Ingileif situr í stjórn Skólastjórafélags

Mý

Íslands og var ferðin á vegum Kennarasambandsins.

Að lokum spurði Ingileif: **Hvað geta konur í Mýdeild gert til að hvetja og styðja konur til forystustarfa?**

Í apríl var haldinn fundur í Glerárskóla. Í orðum til umhugsunar var fjallað um samræmdu prófin og hvort hægt væri að útfæra þau á annan hátt en nú er gert. Björg Eiríksdóttir, nýkjörin bæjarlistamaður Akureyrarbæjar, kynnti meistaraþrófsverkefnið sitt „Ég sé með teikningu.“ Mótun námsefnis í samvinnu við nemendur. Kynningin mjög fróðleg og áhugaverð.

Á fundum í vetur höfum við notið ánægjulegrar samveru, athyglisverðra fyrirlestra og frásagna og kætt munn og maga með gómsætum veitingum.

Nú í maí verður aðalfundur Mýdeildar haldinn á Dalvík og markar hann lok gróskumikils starfs í vetur.

Bryndís Björnsdóttir, formaður Mýdeildar.



**Mýdeild var stofnuð
2011 og starfar á
Norðausturlandi.**



Nu

Við í Nu deild erum að klára okkar fyrsta vetur í DKG. Við höfum nú á vormisseri haldið áfram að sækja systur heim og fá kynningu á því fjölbreytta starfi sem við erum að fást við.


Við tókum hlé á fundum í desember, janúar og febrúar og hittumst í Blönduskóla á Blönduósi í mars þar sem tvær hressar konur tóku á móti okkur sem þar starfa. Við fengum kynningu á störfum og mynduðust góðar umræður um fyrirmyndir sem við erum í störfum okkar og hvað er mikilvægt að bera virðingu fyrir sjálfri sér í starfi.

Á fundi í apríl hittumst við í Varmahlíð þar sem ein í okkar deild starfar og fengum góða kynningu á Varmahlíðaskóla og því metnaðarfulla starfi sem þar er.

Mái fundurinn verður óvissu fundur sem stjórn NU deildar skipuleggur. Á þeim fundi ætla meðlimir að koma með nöfn á konum sem okkur langar að bjóða inni þennan skemmtilega félagsskap og stækka svo deildina í haust.

Við ferðumst mislangar vegalengdir á fundi eins og gerist í dreifbýlinu og er það ein af ástæðum þess að við tókum hlé yfir helstu vetrarmánuðina. Það hefur einnig verið mjög misjöfn mæting hjá okkur við erum sautján í deildinni og ef einhver forföll eru getur stundum verið fámennt. Við lítum þó björtum augum á framtíð NU deildar, hlökkum til að bæta við góðum og skemmtilegum konum og halda áfram inni næsta haust.

Með kveðju,
Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,
formaður NU deildar.



**Nudeild var stofnuð
á Blönduósi
2. apríl 2017**



Zeta

Fimm fundir hafa verið haldnir í Zetadeild þegar þetta er skrifað. Við byrjuðum með vinnufund í haust þar sem línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Fundurinn var haldinn á bókasafninu á Reyðarfirði. Ákveðið var að þema vetrarins yrði listir í leik og starfi um leið og horft væri inná við ☺

Zetadeild er ekki fjölmenn deild og starfar á víðáttumiklu landssvæði. Til að fjölga í hópnum var efnt til kynningarfundar á Seyðisfirði í október og nokkrum vel völdum konum boðið á hann. Fundurinn var fjölmennur og vakti áhuga margra þeirra kvenna sem þar voru.



Í nóvember var haldinn fundur í Neskaupstað, eftir stofnun Austmennt, menntabúða, á kennarapingi í Nesskóla. Zetakonur mættu þar til leiks tóku þátt í þinginu og héldu fund á Hótel Hildibrand í lokin. Fyrirmynd menntabúðanna, Eymennt var einmitt kynnt á vorþingi DKG á Akureyri síðastliðið vor.

Fundirnir okkar gengu vel veðurfarslega séð en það kom að því að náttúruöflin tækju í taumana. Í byrjun apríl var blásið til fundar á Stöðvarfirði og

Steinasafn Petru heimsótt þar sem Unnur Sveinsdóttir barnabarn Petru tók á móti okkur sýndi okkur húsakynninn og sagði okkur frá ömmu sinni. Eftir fund og góða súpu hjá þeim stöllum í Brekkunni á Stöðvarfirði var haldið heim á leið. Veður hafði breyst skyndilega, snjócoma og bylur tók á móti okkur á leið inn Fáskrúðsfjörðinn. Skyggni varð alltaf verra og verra og hálsa hafði myndast á veginum. Við vorum á tveimur bílum annar á leið í Héraðið en hinn á leið til Fjarðabyggðar. Þegar kom að vegamótum eftir erfiða ferð var búið að loka Fagradal og þurftu Hérðasdætur að gista í Fjarðabyggð þá um nóttina. Er þetta líklega lengsti fundur sem þær hafa sótt hingað til ☺ Samhliða þessu fór mikill tími í að undirbúa Vorþing DKG á Egilsstöðum og framundan er aðalfundurinn okkar á Óbyggðasetrinu í maí. Gleðilegt sumar



**Zetadeild var stofnuð
1. júní 1990 og
starfar á Austurlandi.
Eru félagskonur frá Fljótsdalshéraði
og neðan af fjörðum.**



Iota

Veturinn hefur verið óvenju fljótur að líða og margt fróðlegt og skemmtilegt verið í boði hjá Iotadeild starfsárið 2017-2018 sem verður sagt frá hér í stuttu máli.

8. janúar 2018 var bókafundur heima hjá Helgu Björk Jóhannsdóttir formanni. Félagskonur komu með áhugaverðar bækur sem þær höfðu lesið og sögðu frá.

6. febrúar sagði Harpa Guðmundsdóttir okkur frá starfsemi Vinnuvers sem nýlega opnaði í nýju húsnæði og þar fór fundurinn fram. Vinnuver er með margþætta starfsemi þar sem fólk sem ekki er á vinnumarkaði getur hist og unnið ýmiss verkefni s.s. við dósamóttöku og á nytjamarkaði. Það var mjög áhugavert að hlusta á Hörpu kynna starfið og skoða glæsileg húsakynni þeirra.

7. mars var fræðsluerindi sem bar heitið Hvernig leiðtogi er ég? Ingibjörg Jónasdóttir kom til okkar frá Reykjavík og hélt þetta fróðlega erindi. Á þessum fundi tókum við inn tvo nýja féлага, þær Pernillu Rein og Bryndísi Gunnarsdóttir. Fundurinn var haldinn í húsnæði Rauða krossins.

9. apríl var aðalfundur Iota deildar í Grunnskólanum í Bolungarvík. Nýr formaður var kosinn og tekur hún við í haust. Hún heitir Steinunn Guðmundsdóttir.

15. maí er síðasta samvera okkar þetta starfsárið og verður farið í gönguferð (ekki búið að ákveða hvert) og síðan borðað saman.

Með bestu kveðju og gleðilegt sumar,

Helga Björk Jóhannsdóttir formaður.



**Iotadeild var stofnuð
5. júní 2004
og starfar hún á
norðanverðum Vestfjörðum.**



Eta



Í Etadeild eru sex fundir á ári, fjölbreyttir og fræðandi. Fyrsti fundur var afmælisfundur á Eyrarbakka með bókmennta- og tónlistarlegu ívafi. Í nóvember vorum við á tæknilegum nótum hjá CCP þar sem áhugavert innlegg sló á fordóma og upplýsti að tölvuleikir nýttust við þjálfun ýmis konar færni og gætu m.a. spornað við elliglöpum. Jólafundur var í heimahúsi í byrjun desember, Kristín Steinsdóttir las úr bók sinni *Ekki vera sár*, um uppgjör konu á eftirlaunum og þær breytingar sem við taka á nýju æviskeiði. Fór ekki hjá því að margar könnuðust við ýmsa drætti í persónusköpun og umfjöllun höfundar. Á fjórða fundi í febrúar var Ragnar Þór Pétursson formaður KÍ með hugvekju um *Þegar orð fá vængi*. Kjarninn í máli hans var að menntun væri fólgin í því sem gerist í huga nemenda og til þess að árangur verði þurfa aðstæður að vera á þann veg að nemendum líði vel og þeir njóti sín á eigin forsendum. Umræða um skólamál væri oft óvægin, birtist í andúð á breytingum og byggðist á röngum upplýsingum. Í umræðum sló hann því fram að hugsanlega væri gagnrýni á grunnskólann óvægnari vegna þess að um væri að ræða kvennastétt og konur lægju vel við höggi í okkar samfélagi. Í orðum til umhugsunar sagði Kristín Helga frá reynslu sinni í alþjóðanefnd DKG og hvatti konur til að gefa kost á sér, það væri

lærdómsríkt og gefandi og opnaði nýja sýn á starfsemi DKG. Sif Vígþórsdóttir fékk (H)RÓS en Norðlingaskóli hlaut nýlega viðurkenningu úr minningarsjóði Arthurs Morthens fyrir markvissa framkvæmd á hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Á fimmta fund fengum við Evu Bjarnadóttur stjórn málafræðing og sérfræðing í mannréttindamálum hjá Unicef. Erindi sitt nefndi hún *Vernduð í raun? Greining á viðbrögðum Norðurlanda við umsóknum barna um alþjóðlega vernd. Skýrsla unnin í samstarfi allra Norðurlandanna*. Fróðlegt og gott og í kjölfarið voru upplýsandi og góðar umræður og mörgum spurningum svarað. Í orðum til umhugsunar velti Ragnhildur Konráðsdóttir fyrir sér tengslum skólakerfis við þá tæknibyltingu sem ríður yfir heiminn m.a. með tilkomu gervigreindar og sjálfkeyrandi bíla. Algjöra uppstokkun þarf á því hvaða hæfni og þekkingu framtíðarstarfsmenn þurfa að hafa. Gera mætti ráð fyrir áherslu á sköpun og því mikilvægt að efla sköpunarkraft ungmenna. Sjötti og síðasti fundur sem jafnframt er aðalfundur er dagsettur 16. maí, með honum lýkur starfsárinu og konur hverfa hressar út í vorið.

Með kærri kveðju,
Bryndís Guðmundsdóttir.



**Etadeild var stofnuð
í Reykjavík
6. júní 1997**



Peta

Á jólafundi 2017 fengum við góða gesti; Angela Marina B. Amaro frá Portúgal og Aleksandra Pitak frá Póllandi sögðu okkur frá jólahefðum í sínum löndum. Síðan kom Kjartan Már Kjartansson bæjarstóri í Reykjanesbæ og spilaði jólalög á fiðlu og sagði nokkrar gamansögur. Starfið á vorönn hófst með bráðskemmtilegum bóka fundi á heimili formanns. Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur sem uppalinn er á Vogum sagði frá sjálfum sér og bókum sínum. Framsaga Guðmundar vakti mikla lukku sem og veitingar sem formaður töfraði fram úr eldhúsi sínu. Í febrúar 2018 tóku Þetakonurnar Elín og Ása á móti okkur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hittum við þar Ívar Valbergsson, fagstjóra í vélstjórn í FS. Ívar sagði frá starfi sínu en hann hefur farið ýmsar óhefðbundnar leiðir í kennslu. Í mars 2018 var ferðinni heitið til Grindavíkur en þar fóru fram stjórnarskipti og yfirlög þær Árdís Hrönn Jónsdóttir og Bjarnfríður Jónsdóttir stjórn og í þeirra stað koma Ása Einarsdóttir og Ingibjörg Hilmarsdóttir. Gestur fundarins var Guðlaug Erlendsdóttir aðstoðarskólalastjóri Grunnskóla Grindavíkur og sagði hún frá dvöl sinni í Malaví og kynnti fyrir okkur skólalastarfið þar ásamt menningu innfæddra. Vorferð Þetadeildar var með öðrum blæ þetta árið. Deildin tók á móti fróðleiksfúsum og fjörugum gestum frá Epsilondeildinni. Dagurinn hófst í Duushúsum þar sem Valgerður menningarfulltrúi bæjarins og Þetasystir leiddi gestina um allar sýningar húsanna af sinni alkunnu snilld. Eftir hádegisverð var haldið í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem iðaði af lífi þennan dag en þar stóðu yfir píanódagar. Þær Þetasystur Karen aðstoðarskólalastjóri og Geirprúður deildarstjóri sögðu stoltar frá starfi skólans og Ester píanónemandi spilaði fyrir hópinn



Að sjálfsgöðu var kíkt við í Rokksafninu í Hljómahöll. Ferðin endaði í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú hjá Fidu í GeoSilica og Helgu hjá Mýr Design. Við leitumst við að hafa starfið sem fjölbreyttast og virkja sem flestar konur til starfa við undirbúning og framkvæmd fund.



**Þetadeild var stofnuð
26. nóvember 1998
og starfar á Suðurnesjum**



Lambda

Konur í Lambdadeild hittast á alls sjö fundum í vetur. Félagskonur hafa skipt með sér umsjón með fundum og á hverjum fundi tekur ein að sér að flytja Orð til umhugsunar. Jóna Benediktsdóttir, landsforseti kom á fyrsta fund haustsins og kynnti fyrir hópnum starf og sögu samtakanna. Á fundi í nóvember voru teknar inn sex nýjar konur og sú sjöunda bætist í hópinn á aðalfundi í byrjun maí. Við nutum þess einnig að fá í heimsókn á nóvemberfundinn tvo góða gesti þær Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttir, formann Alfadeildar og Phyllis Hikey frá höfuðstöðvum DKG í Austin Texas. Jólafundur var haldinn hjá Gerði Magnúsdóttur formanni, Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur las fyrir okkur úr nýju bókinni sinni *Vertu ósýnilegur* og líflæg umræða varð um efnið sem varðar okkur allar.



Á fundi í febrúar kynnti Guðbjörg Emilsdóttir, sérkennari fyrir okkur lestraraðferðina: Að skrifa sig til lesturs. Þar er lögð áhersla á að börn noti tölvuna til að læra stafina og skrifi orð og texta út frá tali til að læra að lesa. 21. mars var farið í heimsókn í Menntamálastofnun þar sem við fengum kynningu á miðlunarsviði sem sér um útgáfu náms-efnis. Erlingur R. Erlingsson, sviðsstjóri miðlunarsviðs og Óskar Nielsson, þróunarstjóra tóku á móti hópnum. Erling sagði okkur m.a. frá því að á miðlunarsviði starfa 14 manns að þróun og útgáfu námsefnis fyrir grunnskóla. Á hverju ári eru gefnir út 30-50 nýir titlar auk eldra námsefnis. Flest af því efni er aðgengilegt á vef stofnunarinnar.



**Lambdadeild var stofnuð
í Reykjavík
28. október 2010.**



Undur

Í nótt gerðist kraftaverk:
greinar kastaníunnar opnuðust
og örlítil lauf teygðu sig
móti sólinni.

Það var vorið sem kom.

Kom það í dúnléttu skýi
utan úr blámanum
eða úr hvítri gufu
sen lagði upp frá rakri moldinni?
Kannski var það í næturgolunni
sem var hlýrri en í gær?

Ég veit það ekki
þetta gerðist í nótt
meðan ég svaf



Sumardagur

Sólin: stór rauður sleikibrjóstsýkur
Skýin: þeyttur rjómi
Aldan: hlæjandi smástelpa

Þú
í fjörunni
bakar sandkökur
hún eltir þig
lengra, lengra
upp undir malarkambinn
gleypir kökurnar
eina eftir aðra
og hrekkjótt
skvettir á
þig

Steinarnir brosa líka.

Vilborg Dagbjartsdóttir



Áslaug Brynjólfsdóttir - minning

Áslaug gekk í Alfadeild Delta Kappa Gamma árið 1978. Hún var mjög virk félagskona og sótti síðast jólafund Alfadeildar í byrjun desember 2017. Þar var hún glöð og kát og lék á alls oddi. Hún lést nokkrum dögum síðar og var útför hennar var gerð þann 12. janúar s.l.

Áslaug var einstök kona, lifandi og skemmtileg. Það er mikill missir að Áslaugu, jákvæðni hennar, dugnaði og gleði. Við félagskonur í Alfadeildinni söknum góðrar vinkonu og féлага.

Áslaug tók að sér ýmis ábyrgðarstörf fyrir Delta Kappa Gamma. Hún var formaður Alfadeildar 1986-88. Hún var formaður landssambands Delta Kappa Gamma 2001-2003. Árið 2003 var haldin Evrópuráðstefna DKG á Íslandi og mættu 200 konur til landsins til að sitja ráðstefnuna. Áslaug bar ábyrgð á skipulagningu, fjármögnun og innihaldi ráðstefnunnar sem forseti sambandsins. Hún flutti opnunarræðu og ræddi um kvenskörunguna og benti meðal annars á að sambærilegt orð sé vandfundið í öðrum tungumálum. Hugsanlega ætti það sinn þátt í því hve jafnréttisbaráttan hefði gengið vel á Íslandi, þar sem fyrsti kvenforseti í heimi væri kona. Áslaug var einnig formaður menntamálanefndar DKG og opnaði vörping landssambandsins árið 2000 og stóð að útgáfu rits DKG „Skólinn og fjölskyldan með barnið í brennidepli til 18 ára aldurs“. Áslaug Brynjólfsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framlag sitt til fræðslumála á landssambandsþingi DKG á Akureyri í maí 2017. Hún var mjög stolt af þeirri viðurkenningu.

Á uppvaxtarárum Áslaugar var ekki sjálfgefið að stúlkur gengju menntavegin. En Áslaug var ákveðin í því að mennta sig og lagði mikið á sig til þess að það tækist. Hún bjó í Krossanesi, en gekk



Áslaug á sínum síðasta fundi ásamt Margréti Schram og Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur

langa leið í Grunnskóla í Glerárþorpi. Hún gekk einnig í fram og til baka í Gagnfræðaskóla og Menntaskóla á Akureyri, en það var klukkutíma gangur hvora leið. Hún var orðin 38 ára og fjögurra barna móðir, þegar hún hóf kennaranám. Hún var víðförl og bjó m.a. í Þýskalandi, Bandaríkjunum og El Salvadore auk Íslands. Áslaug var brautryðjandi í fræðslustörfum á Íslandi. Hún tók þátt í uppbyggingu Fossvogsskóla sem kennari, yfirkennari og skólastjóri á mótunarárum opins skóla með opna starfshætti. Hún var fyrst kvenna til að gegna stöðu fræðslustjóra á Íslandi. Hún var mikil kvenréttindakona og lét víða til sína taka t.d. í Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenréttindafélaginu og kennarafélagi og skólastjórafélagi Reykjavíkur. Áslaug Brynjólfsdóttir var kvenskörungur. Blessuð sé minning hennar.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður Alfa





Þuríður Kristjánsdóttir - minning

Mér er ljúft að minnast Þuríðar nú þegar við kveðjum hana og rifja upp verk hennar við stofnun Delta Kappa Gamma á Íslandi. Árið 1975 var Alfa-deildin stofnuð og varð Þuríður fyrsti formaður deildarinnar sem gegndi hlutverki landssambands fyrstu árin. Árið eftir fór hún á Alþjóðáþing samtakanna en ferð hennar þangað var í boði Iowa enda hafði stofnun Alfa-deildarinnar verið studd af Iowa-konum árið áður. Þegar horft er til baka er sérstakt hversu sterk tengslin við erlendar félagskonur voru. Strax í mars 1977 komu hingað 50 konur frá Bandaríkjunum og Kanada enda þótt samtökin hér á landi væru fámenn á þeim tíma. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að vera í fyrstu stjórninni með Þuríði og dáðist að því hversu frumleg og snjöll hún var við að móta starfsemi samtakanna á Íslandi. Hún hafði mikla hæfileika til forystu, hún gekk á undan með góðu fordæmi, var útsjónarsöm og sanngjörn í hverju viðfangsefni. Þuríður ákvað strax að samtökin skyldu fyrst og fremst vera íslenskum konum í fræðslustörfum til gagns og gleði. Þótt samtökin væru að stofni til bandarísk tókst henni að gera íslenska hlutann svo gagnlegan íslenskum menntamálum að aðdáunarvert var. Enn þann dag í dag búum við að þeim grunni sem hún lagði fyrir samtökin sem hafa blómstrað frá fyrstu tíð. Hún gjörþekkti skólakerfið íslenska og hafði kennt á flestum stigum. Hún hafði því af mörgu að miðla og í raun treystum við henni fullkomlega til að leiða samtökin. Fyrstu verkefni samtakanna voru að skrifa greinar í Morgunblaðið um menntamál og öll frumvörp sem lögð voru fyrir



Alþingi voru rædd og umsagnir sendar til Alþingismanna svo eitthvað sé nefnt. Innávið var starfið styrkt og leitast við að fá fyrirlesara sem gátu miðlað af þekkingu sinni á einhverju sviði menntamála eða umhverfi menntamála.

Delta Kappa Gamma á Íslandi kveður sinn fyrsta formann. Við höfum misst mikið, en við búum líka að öllum þeim fjársjóði sem hún skapaði fyrir okkur og kennarastéttina í heild. Velgegni samtakanna á Íslandi á án nokkurs vafa rót í því frumkvöðlastarfi sem Þuríður vann við upphaf samtakanna.

Sigrún Klara Hannesdóttir



*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:
<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://www.dkg.org>